

11. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar, 173,2 stig.

Hitaveitunni er heimilt að breyta gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, þó ekki meira en nemur breytingum sem á nefndri vísitölu verða enda liggi fyrir staðfesting ráðuneytisins hverju sinni.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. nóvember 1990 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 38, 23. janúar 1990.

Iðnaðarráðuneytið, 25. október 1990.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Akureyrar.

1. gr.

Hitaveitan selur afnot af heitu vatni úr veitukerfi sínu samkvæmt gjaldskrá þessari og reglugerð Hitaveitu Akureyrar.

2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi er tengt er við vatnsæðar hennar í té vatnsmagn er nægir til fullrar hitunar að dómi hitaveitunnar enda sé hitakerfi hússins nægilega stórt. Vatnsrennsli að húsi verður takmarkað um hemil eftir því sem þörf krefur og er starfsmönnum hitaveitunnar einum heimilt að breyta stillingu hans.

3. gr.

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða:

A. Samkvæmt vatnsmæli fyrir hvern rúmmetra vatns kr. 105,80.

Par til vatnsmælir hefur verið settur upp og ef vatnsmælir bilar, áætla hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins.

B. Fyrir hverja húsveitu ákveður Hitaveita Akureyrar mælisstærð.

Greiða skal mánaðargjald, sem fer eftir stærð vatnsmælis sem hér segir:

Fyrir hvern mæli:	kr.
a. fyrir mæla 15 mm	624
b. fyrir mæla 20 mm	1 519
c. fyrir mæla 25 mm	3 039
d. fyrir mæla 32 mm	6 077
e. fyrir mæla 40 mm	12 154
f. fyrir mæla 50 mm og stærri	24 309

4. gr.

C. Heimæðargjald skal reiknast 15 hundraðshlutar af gatnagerðargjaldi sem álagningarstofn samkvæmt reglugerð um gatnagerðargjöld á Akureyri.

Í heimæðargjaldi er innifalin ein heimæð allt að 30 m að lengd frá götuæð í stofnkрана húss.

Húseigandi skal greiða kostnað við heimæð umfram 30 m samkvæmt ákvörðun hitaveitunnar. Þurfi að bora eða brjóta fyrir inntaksvinkli skal húseigandi greiða þann kostnað er af því hlýst.

Kostnaður vegna tengigrindar kr. 18 758
er ekki innifalinn í heimæðargjaldi.

5. gr.

D. Önnur gjöld:

D.1. Lokunargjald kr. 1 185
D.2. Mælaálestrargjald (aukaálestur) kr. 690

6. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar, 1. febrúar 1990, 164,9 stig og taka breytingum í samræmi við hana.

7. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Akureyrar, er sett samkvæmt orkulögum nr. 58 frá 29. apríl 1967, 6. og 9. grein sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 og reglugerð Hitaveitu Akureyrar frá 6. apríl 1989, til að öðlast gildi 1. nóvember 1990.

Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá nr. 38, 23. janúar 1990 með síðari breytingum.

Iðnaðarráðuneytið, 25. október 1990.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Guðrún Skúladóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 414 22. nóvember 1976 um bólusetningu sauðfjár til varnar garnaveiki.

1. gr.

Við reglugerðina bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 1. gr. eru fjáreigendur á Vestfjörðum vestan Kollafjarðarlínu, að undanskildum Reykjarfjarðarhreppi, undanþegnir skyldu til bólusetningar ásetningslamba haustið 1990 til varnar gegn garnaveiki.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 23/1956 um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjárjúkdóma og útrýmingu þeirra, sbr. breytingu með lögum nr. 12/1967 og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 18. október 1990.

Steingrímur J. Sigfússon.

Jón Höskuldsson.